

Reykjanesbær 20. nóvember 2009  
Ályktun aðalfundar Sambands íslenskra sparisjóða



Aðalfundur Sambands íslenskra sparisjóða, sem haldinn var í  
Reykjanesbæ 20. nóvember 2009, samþykkti svohljóðandi ályktun:

## Sparisjóðirnir gegna mikilvægu hlutverki

Aðalfundur Sambands íslenskra sparisjóða harmar þá erfiðleika sem land og þjóð ganga í gegnum eftir hrun meginhluta fjármálakerfisins á Íslandi. Sparisjóðirnir á Íslandi vilja því bæta fyrir sinn þátt í þeim vanda sem nú er að kljást við og heita því að taka þátt í uppbyggingu íslensks samfélags. Þá skorar fundurinn á stjórnvöld að koma með öllum ráðum í veg fyrir að það viðskiptasiðferði sem komst á í kjölfar einkavæðingar bankanna nái fótfestu að nýju.

Þótt margir sparisjóðir séu laskaðir eftir undangengin áföll hafa þeir flestir, þrátt fyrir allt, staðið af sér bankahrunið. Þeir hafa nú samið við innlenda og erlenda lánadrottna sína en þurfa aðeins tímabundna aðkomu ríkisins til að komast í gegnum erfiðleikana. Sparisjóðirnir eru fjármálafyrirtæki sem eiga sér langa og merka sögu og eru til vitnis um að ekki hrundi allt á Íslandi fyrir ári.

Eftir óhjákvæmilega uppstökkun á íslenskum fjármálamarkaði gæti farið svo að sparisjóðirnir verði á meðal fárra fjármálafyrirtækja sem verður stjórnað af Íslendingum. Miklar líkur eru á að viðskiptabankar í eigu erlendra aðila leggi áherslu á aðra þætti í rekstri og þjónustu en sparisjóðir gera og hafa gert. Því má ætla að sparisjóðirnir á Íslandi gegni mjög mikilvægu hlutverki við að tryggja aðgang landsmanna að hagkvæmri og samkeppnishæfri fjármálaþjónustu.

Sparisjóðir landsins hafa skert á hugmyndafræði sinni og lýst vilja sínum til að stokka allt sparisjóðakerfið upp og vera leiðandi afl við að byggja upp trausta fjármálaþjónustu. Með það fyrir augum mætti hugsa sér að sparisjóðir verði opin fjöldahreyfing sem gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki.

Það væri mikið tjón ef fleiri sparisjóðir féllu. Aðeins þarf tímabundna aðkomu frá ríkissjóði til að tryggja framtíð sparisjóðanna. Sá stuðningur er smávægilegur fjárhagslega í samanburði við þau útgjöld sem ríkið hefur þurft að bera vegna endurreisnar bankanna og ljóst að kostnaður ríkisins verður meiri og vandamál samfélaga um land allt aukast ef sparisjóðirnir hverfa.

Landsmenn meta sparisjóði mikils eins og kemur ítrekað fram í þjónustu- og ímyndarkönnunum. Forsvarsmenn sparisjóðanna skora á ríkisstjórn, alþingismenn, sveitastjórnir, fjölmiðla og almenning að standa vörð um sparisjóði landsins.

Á aðalfundinum var Ólafur Elísson, sparisjóðsstjóri í Vestmannaeyjum, kjörinn formaður. Aðrir í stjórn eru Angantýr V. Jónasson, Sparisjóðnum í Keflavík, Guðmundur B. Magnússon, Sparisjóði Strandamanna, Ragnar Z. Guðjónsson, Byr-sparisjóði og Vilhjálmur G. Pálsson, Sparisjóði Norðfjarðar. Í varastjórn voru kjörnir Ari Teitsson, Sparisjóði S-Þingeyinga og Jónas Pétursson, Sparisjóði Svarfdæla.

### Nánari upplýsingar veitir:

Gísli Jafetsson, yfirmaður fræðslu- og upplýsingamála.  
Sími: 861-2220.